**Búhamar 1**

| | |
|---|---|
| Landnúmer | L160507 |
| Fasteignanúmer | F2183015 |
| Staðfanganúmer | STF1071304 |

Almenn Lýsing:
Sótt er um leyfi fyrir viðbyggingu. Fyrirhuguð viðbygging er staðsett suðaustan húss og nær 4.4m út fyrir núverandi húshlið. Viðbyggingin er áætluð 47.3m² að flatarmáli og yrði því heildarstærð húss eftir breytingar 219.3m².
Fyrirhuguð viðbygging inniheldur hjónasvítu, fjölskyldurými og baðherbergi, innra skipulag eldra húsnæðis helst óbreytt.
Eldra hús er enn ríkjandi þáttur í heillegri götumynd og nýr arkitektúr viðbyggingar fléttast saman við og tekur mið af eldra íbúðarhúsnæði.

Húsið mun verða með steyptum undirstöðum, steypt gólfplata með innsteyptum gólfhita, 100mm einangrun undir og léttum timburútveggjum, einangraðir með 150mm steinull. Klætt að utan með loftræstri álklæðningu eftir forskrift arkitekts.

Einangrun:
150mm steinull í timburgrind, undir botnplötu er sett 100 mm frauðplasteinangrun(pólýstýren) [l-gildi: 0,036 W/mK], á þjöppuðu sandlagi.
200mm rakaþolin einangrun í þaki [l-gildi: 0,034 W/mK].

Lagnir:
Gólfhitakerfi verður í húsinu (Rehau eða sambærilegt) , rör innsteypt í gólfplötu, sjá sérteikningar verkfræðings. Skal hámarkshitastig vera 20°, sjá 2.16. almenna framkvæmdaskilmála. Gera skal ráðstafanir til að heitt vatn valdi ekki brunaskaða á húð, t.d með viðurkenndum blöndunartækjum á töppunarstað og varmaskiptir eða uppblöndun sem tryggir að vatn fari ekki að töppunarstað með hærra hitastig en 60°.
Gólfniðurfall sé í öllum votrýmum.

Loftræsing:
Vélræn loftræsing er í baðherbergi ásamt náttúrulegri loftræsingu að hluta
samkvæmt gr. 10.2.5 í byggingarreglugerð nr.112/2012, sjá nánar verkteikningar verkfræðings

Gluggar og hurðir:
Gluggar eru álklæddir timburgluggar, td. með LUX kerfi og með innbrenndu lakki í hvítum lit, líkt og í núverandi húsi. Þar sem björgunarop eru í gluggum skal ljósop opsins vera min 60x90 cm.
Hindrunarlaus umferðarbreidd hurða og hæðir þeirra verða: aðalinngangsdyr 207x83 cm,
innihurðir/svalahurðir 200x80, 6.4.2/3. Við val á glergerðum í húsið skal fylgja Rb-blaði (31).121.1.
"Val glergerða fyrir íbúðarhúsnæði", sbr. 8.5.2 gr.í byggingarreglugerð. Samkvæmt því skal gler sem er neðar en 0,6m frá jörðu vera með 2xöryggisgleri ( innra og ytra gler), sjá nánar sérteikningar
arkitekts.

Þak:
Þakvirki byggt úr 45x245mm sperrum, einangrað með 220mm steinull. Klætt borðaklæðningu með ásoðnum pappalögum, sjá sérteikningar arkitekta.

Hljóðvist:
Hönnun byggingarinnar miðast að því að kröfur til hljóðvistar skilgreindar í flokki C í
staðlinum ÍST 45 séu uppfylltar, eins og kveðið er á um í Byggingarreglugerð nr.
112/2012.

Lóðarfrágangur:
Gengið verður frá yfirborði lóða á lóðamörkum í samræmi við hæðarblað og í fullu samráði við lóðarhafa af samliggjandi lóð.

Öryggi & Brunavarnir:
Innri klæðning í þaki skal vera a.m.k. í flokki 2 skv. reglugerð.
Reykskynjari verður a.m.k. í svefndeildum og almenningi.
Slökkvitæki er í þvottahúsi og bílskúrum.

Sorpgeymslur:
Sorpgeymslur eru í stakstæðum einingum við bílastæði/aðkomu að húsi. Þrjár sorptunnur við hús, ein fyrir pappír, ein fyrir plast og ein tvískipt fyrir almennt sorp og lífrænt sorp.
Notast skal við forsteyptar einingar frá BM-Vallá eða sambærilegt, málaðar eins og hús.

Helstu stærðir:

Fyrir breytingu:

| | |
|---|---|
| - Stærð húss | 172m² |

Eftir breytingu:

| | |
|---|---|
| - Stækkun | 47.3m² |
| - Stærð húss | 219.3m² |

Hámarks U gildi einstakra byggingarhluta skal vera svo hér segir: W/m2°K
Vegið meðal tal útveggjar/gluggar/hurðir er
1 : 100

| | |
|---|---|
| Mhl 01 | |
| Útveggir (léttir timburveggir) | 0,26 W/m²°C |
| Gluggar 1) | 1,60 W/m²°C |
| Hurðir | 1,90 W/m²°C |
| U gildi gluggagerja: | |
| fast gler | 1,60 W/m²°C |
| opnanlegt fag | 1,60 W/m²°C |
| Létt timburþak | 0,19 W/m²°C |
| Gólf á fyllingu (m.gólfhita) | 0,25 W/m²°C |
| Heildar varmatap á fermetra húss | 1,71 W/m²°C |




## Afstöðumynd
1 : 500







## Snið A-A
1 : 100



Vestmannaeyjar
**Rannveig Ísfjörð**
Tími: 09.04.2025 8:59
Samþykkt af byggingarfulltrúa

| | |
|---|---|
| GK: 0,00 | Táknar gólfkóta, hæð á grunnmynd |
| K: 0,00 | Táknar kóta, hæð á sniði |
| LR | Táknar loftræsingu |
| GN | Táknar gólfniðurfall |
| ÞN | Táknar þakniðurfall |
| 0101 | Táknar rýmisnúmer |
| EI60 | Táknar brunamótstöðu byggingarhluta (heilleiki og einangrun) í mínútum |
| R60 | Táknar brunamótstöðu burðarvirkis í mínútum |
| EI-CS30 | Táknar brunamótstaða hurðar í mínútum. S táknar reykþéttingu C táknar sjálflokandi |
| R | Táknar reykskynjara |
| BO | Táknar björgunarop |
| SLT | Táknar slökkvitæki |

breytingar:

Verkheiti:
# Búhamar 1 - viðbygging

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Hannað af:** | EH, MM | **Mælikvarði:** | As indicated |
| **Teiknað af:** | EH, MM | **Dagsetning:** | 19.03.2025 |


Arkitekt:

| | | |
|---|---|---|
| ● Ellert Hreinsson | arkitekt | kt. 121086-2129 |
| ○ Rebekka Pétursdóttir | arkitekt | kt. 191087-2249 |


**Samþykkt:**


FORMER
ARKITEKTAR

FORMER ehf
Súðarvogur 18
104 Reykjavík
+354 565 5060
former@former.is


AÐALUPPDRÆTTIR

(99)1.00

teikning breyting

ALMENNAR SKÝRINGAR


HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI


Blaðastærð: A2